


Bls. 2
Verðbólga á Íslandi og
erlendis

Bls. 3
Vinnumarkaðurinn

Bls. 4
Greiðslur í fæðingarorlofi

HAGTÖLUR VR

Meðalheildarlaun VR	582.500 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	6,5%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	4,9%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	1,9%
Fjöldi félagsmanna VR	35.421



Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

1. Verðbólga á Íslandi og erlendis

Verðbólga hefur verið undir 2,5% verðbólguþröngmiði Seðlabankans í tæp fjögur ár. Á þessu tímabili hefur verðbólga verið 1,7% að meðaltali. Meginorsök verðbólgunnar í dag má rekja til húsnæðisverðs. Án húsnæðis hefur verðbólga verið neikvæð í eitt og hálf ár. Þetta sýnir mynd 1.


Í gegnum árin hefur verðbólga á Íslandi verið nokkuð hærri en verðbólga annarra landa. Staðan er þó önnur í dag. Hagstofa Evrópusambandsins reiknar út verðbólgu fyrir öll lönd Evrópu. Sá mælikvarði á verðbólgu undanskilur húsnæði en er þó ekki fullilega sambærilegur við verðbólgu án húsnæðis sem Hagstofa Íslands reiknar út. Samkvæmt niðurstöðum Hagstofu Evrópusambandsins er Ísland eina landið þar sem verðbólga hefur verið neikvæð allt árið¹.

Mynd 2 sýnir verðbólgu frá upphafi árs 2011 fyrir Evrópulöndin. Gráa svæðið er bil hæstu og lægstu verðbólgunnar og sýnir að árið 2017 voru neðri mörk verðbólgunnar í Evrópu mynduð af Íslandi.

Mikil styrking á gengi krónunnar árið 2016 og fyrri hluta árs 2017 hélt aftur af hækkingu verðlags. Krónan veiktist nokkuð á seinni helming ársins 2017 en aukin samkeppni með tilkomu alþjóðlegra fyrirtækja á borð við Costco og H&M unnu á móti veikingu krónunnar.


Nokkrir þættir geta þó stuðlað að aukinni verðbólgu næstu misseri. Aukin samkeppni er líkleg til að lækka vöruverð á Íslandi til frambúðar. Áhrifin á verðbólguþröngmiðingunni eru þó aðeins tímabundin og geta fjarð út á einu ári. Ef verðbólga erlendis heldur áfram að aukast getur það leitt til aukinnar verðbólgu á Íslandi. Undanfarið hefur húsnæðisverð gefið örlítið eftir vegna aukins framboðs fasteigna. Sé aukið framboð hins vegar tímabundið mun húsnæðisverð halda áfram að leiða verðbólguþróun í landinu. Þá hefur olíuverð á heimsmarkaði hækkað umtalsvert seinasta hálfu árið. Stærsti óvissuþátturinn er þó sveiflur í gengi krónunnar sem hefur í gegnum tíðina verið einn aðal verðbólguvaldurinn á Íslandi.

Mynd 1 – Verðbólga með og án húsnæðis



Heimild: Hagstofa Íslands og VR

Mynd 2 – Verðbólga á Íslandi og í Evrópu. Gráa svæðið er bil hæstu og lægstu verðbólgu í hverjum mánuði



Heimild: Hagstofa Evrópusambandsins og VR

¹ Janúar til nóvember. Tölur fyrir desember eru ekki aðgengilegar þegar þetta er skrifað.

2. Vinnumarkaðurinn

Atvinnuleysi mældist 1,7% í nóvember 2017. Svo lágt atvinnuleysi hefur varla sést síðan á tímabilinu 2006 til 2007. Myndir 3 og 4 sýna atvinnuleysi og hlutfall starfandi. Myndirnar sýna meðaltal 12 mánaða til að slétta út miklar árstíðarbundnar og óreglulegar sveiflur í atvinnuleysi og hlutfalli starfandi. Mynd 3 sýnir að atvinnuleysi meðal karla hefur aukist seinustu mánuði en haldið áfram að lækka meðal kvenna. Fyrir bæði kynin er atvinnuleysið í dag þó á svipuðu róli og 2006/2007.

Mynd 4 sýnir hversu hátt hlutfall karla og kvenna er við vinnu í hverjum mánuði. Hlutfallið náði hámarki í ársbyrjun 2017 og var þá á svipuðum slóðum og 2006/2007. Síðan hefur hlutfall starfandi farið lækkanandi og þá sérstaklega meðal karla.




Utan vinnumarkaðar

Hlutfall karla og kvenna utan vinnumarkaðar hefur aukist örlítið seinustu eitt til tvö árin. Sú aukning gæti skýrt að hluta lækkanu í hlutfalli starfandi. Það er þó ljóst að aukið atvinnuleysi meðal karla skýrir einnig lægra hlutfall starfandi meðal karla.


Mynd 5 sýnir þrjár ástæður þess að fólk er utan vinnumarkaðar. Allar myndirnar sýna fjölda sem hlutfall af mannfjölda á hverjum tíma. Grafið til vinstri sýnir hlutfall þeirra sem eru utan vinnumarkaðar vegna náms. Grafið í miðjunni sýnir hlutfall þeirra sem eru utan vinnumarkaðar vegna aldurs. Grafið til hægri sýnir hlutfall þeirra sem eru utan vinnumarkaðar vegna veikinda eða eru tímabundið ófærir til vinnu. Svo virðist sem aukin ásókn í nám og aldur þjóðarinnar skýri að einhverju leyti þróun í hlutfalli starfandi sem sjá má á mynd 4 undanfarin eitt til tvö árin. Þá hefur einnig orðið skörp hækkun í hlutfalli kvenna sem eru utan vinnumarkaðar vegna veikinda.

Mynd 5 – Ástæða þess að fólk var utan vinnumarkaðar.


Til vinstri: Í námi. Fyrir miðju: Á eftirlaunum. Til hægri: Veikindi eða tímabundið ófær til vinnu



Mynd 3 – Atvinnuleysi karla og kvenna á Íslandi



Mynd 4 – Hlutfall starfandi karla og kvenna á Íslandi



3. Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði ættu að vera rúm milljón

Greiðslur til nýbakaðra foreldra úr Fæðingarorlofssjóði eiga að nema 80% af meðaltali heildarlauna, upp að fyrirfram gefnu hámarki. Árið 2006 var þetta hámark 504 þúsund krónur á mánuði og fór hæst í tæplega 536 þúsund krónur árið 2008. Í kjölfar hrunsins var það lækkað í 400 þúsund krónur og svo aftur árið 2010 og var þá 300 þúsund krónur.

Hámarkið er í dag 520 þúsund krónur á mánuði. Ef hámarkið hefði hins vegar haldið í við þróun launavísitölu Hagstofunnar frá árinu 2006 væri það rúmlega 1,1 milljón króna á mánuði eða 116% hærra en raun ber vitni. Til samanburðar má nefna að þingfararkaup er rétt um 1,1 milljón króna á mánuði, samkvæmt úrskurði kjararáðs frá því í október árið 2016 en var um 503 þúsund síðla árs 2006.

Greiðslur í fæðingarorlofi hafa þannig hvorki fylgt almennri launþróun síðustu ár né verið leiðréttar eftir skerðingu í kjölfar hrunsins.


4. Kynin í háskólanámi

Nemendum á háskólastigi fækkaði haustið 2016 um 2,6% frá fyrra ári, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Fækkunin var meiri meðal nemenda í mastersnámi en grunnnámi, 4,8% á móti 2,3%.

Konur eru fleiri en karlar í háskólanámi og hefur bilið milli kynjanna aukist á síðustu árum, þær voru 64% nemenda árið 2016 en 60% árið 1997.


Konur eru í miklum meirihluta á sviðum heilbrigðis og menntunar en hefur fjölgað á síðustu áratugum á sumum þeirra sviða þar sem karlar hafa verið, og eru enn, í meirihluta, s.s. í verkfræði. Körlum hefur hins vegar ekki fjölgað að sama skapi á þeim sviðum þar sem konur hafa verið í meirihluta, s.s. á sviði menntamála. Sjá myndir 7 og 8.

Mynd 6 – Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.




Heimild: Fæðingarorlofssjóður og VR

Mynd 7 – Dreifing kynja eftir menntunarsviði árið 1997



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR


Mynd 8 – Dreifing kynja eftir menntunarsviði árið 2016



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR


Mælaborð Efnahagsfirlits VR

Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Verðbólga og verðbólguþá til næstu þriggja mánaða

Meðal af spám stóru viðskiptabankanna þriggja




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði. Ekki er hægt að taka tillit til þeirra sem skipta um vinnu og byrja að greiða í annað stéttarfélag.




Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysliverðs án húsnæðis




Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna
Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári




Útlán til heimila og fyrirtækja
Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefina markaðsskuldabréfa²




Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan
Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



Heimild: VR og Vinnumálastofnun

² Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)

Hugtakasafn

Ráðstöfunartekjur

Með ráðstöfunartekjum er átt við allar tekjur heimilis hverju nafni sem þær nefnast þ.e. tekjur vegna atvinnu, fjármagnstekjur, bætur ef við á (barnabætur, húsaleigubætur, vaxtabætur o.s.frv.) að frádregnum þeim sköttum og vaxtagjöldum. Ráðstöfunartekjur sýna þannig hversu mikið er eftir í vasanum til að nota í neyslu. Í útreikningum á ráðstöfunartekjum eru vaxtagjöld vegna húsnæðis dregin frá. Engar upplýsingar eru til um leigufjárhæðir fjölskyldna og því ekki hægt að taka tillit til þeirra.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna

Þegar talað er um kaupmátt ráðstöfunartekna þá er búið að leiðrétta fyrir því að einhver verðbólga var á tímabilinu. Tökum dæmi. Ef ráðstöfunartekjur aukast um 6% og verðbólgan er 2%, þá eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna um sem nemur mismuninum eða 4%.

Skammtímavextir

Skammtímavextir eru vextir á lánum til styttri tíma. Skammtímavextir eru þeir vextir sem stýrivextir Seðlabankans hafa áhrif á. Ef Seðlabankinn hækkar vexti þá mun hann hafa áhrif á skammtímavexti en ekki eins á langtímavexti.

Hagsveifla

Hagsveiflan lýsir því hvort viðkomandi land sé í uppsveiflu (þ.e. góðæri) eða niðursveiflu (þ.e. kreppu). Lönd sveiflast frá því að ganga vel í að ganga illa. Í uppsveiflu er t.d. atvinnuleysi lágt, hagvöxtur mikill og kaupmáttur einnig mikill. Þá er eignaverð, t.d. hlutabréf og fasteignaverð einnig hátt. Í niðursveiflu er þetta öfugt. Atvinnuleysi er hátt, hagvöxtur lítill eða neikvæður, kaupmáttur minnkar og eignaverð lækkar.

Hagvöxtur

Hagvöxtur lýsir hversu mikið landsframleiðsla breytist milli tveggja tímabila, yfirleitt eins árs. Landsframleiðsla mælir verðmæti vara og þjónustu sem framleitt er í viðkomandi landi.